

# MÁNAÐARSKÝRSLUR AKUREYRARBÆJAR

1. tbl. - desember 2014

## Nýtt hjá Akureyrarbæ


Tilgangur útgáfunnar er að veita kjörnum fulltrúum, starfsmönnum sem og íbúum innsýn inn í rekstur Akureyrarbæjar. Skýrslur þessar verða héðan í frá gefnar út mánaðarlega og uppfærðar í samræmi við stöðu hvers mánaðar.

Í hverjum mánuði er ætlunin að taka stöðuna á fjölmörgum málaflokkum sem unnið er að innan sveitarfélagsins, en að auki verður reglulega kafað örlítið dýpra ofan í einstaka málaflokka og þeir skoðaðir sérstaklega.


Í þessari fyrstu útgáfu er farið yfir stöðu mála í helstu málaflokkum, aðsóknartölur og fleira. Sjónum er beint sérstaklega að fjölda opinberra starfa á Akureyri, en það eru upplýsingar sem ekki hafa verið nægjanlega aðgengilegar.

Vonandi munu íbúar bæjarins og aðrir hafa gagn og gaman af lestrinum, en allar ábendingar og athugasemdir eru vel þegnar: [albertina@akureyri.is](mailto:albertina@akureyri.is).

### Íbúapróun 2014




### Útsvar - uppsöfnun ársins Staðan í október 2014




| Fjármál                                                   | Bókað 10 m    | Áætlun 12 m   | Mismunur     | %    |
|-----------------------------------------------------------|---------------|---------------|--------------|------|
| Skólamál                                                  | 4.832.215.503 | 5.210.980.000 | 378.764.497  | 93%  |
| Félagsmál                                                 | 2.442.386.149 | 2.769.856.000 | 327.469.851  | 88%  |
| Menningarmál                                              | 670.645.990   | 685.401.000   | 14.755.010   | 98%  |
| Íþrótt- og æskulýðsmál                                    | 1.588.781.215 | 1.604.446.000 | 15.664.785   | 99%  |
| Bruna-, hreinlætis-, skipulags- umferðar- og umhverfismál | 1.141.641.999 | 1.077.189.000 | - 64.452.999 | 106% |
| Sameiginlegur kostnaður                                   | 510.346.087   | 554.227.000   | 43.880.913   | 92%  |

### Fjöldi starfsauglýsinga hjá Akureyrarbæ



### Rekstur helstu málaflokka Staðan í október 2014




### Innsýn í starfsemi skólanna á Akureyri

Á Akureyri eru 2.581 nemendur sem stunda nám í 10 grunnskólum. Flestir eru nemendurnir í Brekkuskóla, með 481 nemendur.

Akureyrarbær rekur auk þess 11 leikskóla þar sem alls dvelja 1.104 börn frá og með september 2014. Af þessum 11 leikskólum er Hólmasól langsamlega stærstur með 149 börn.


## Fjöldi opinberra starfa á Akureyri Færri en 35 stöðugildi




## Opinber störf á Akureyri

Fjöldi opinberra starfa, þ.e. starfa á vegum ríkisins, hefur verið nokkuð í umræðunni síðustu misserin. En staðan hefur í raun verið þannig að erfitt hefur verið að nálgast þær upplýsingar, þ.e. ríkið virðist ekki hafa upplýsingar um fjölda starfa eða staðsetningu þeirra á reiðum höndum. Auðfengið er að fá upplýsingar um fjölda stöðugilda hvers stofnunar, en ef viðkomandi stofnun starfar víða um landið þá er einungis hægt að fá upplýsingar um fjölda starfa í heild, ekki skipt niður eftir staðsetningu. Þá þarf að tilgreina sérstaklega um hvaða stofnanir upplýsinga er óskað, þar sem nákvæmar upplýsingar um starfsstöðvar virðast ekki liggja fyrir. Ljóst er að þörf er á að bæta úr þessu. Þessar upplýsingar fengust að hluta úr fjármálaráðuneytinu, en annars með því að senda tölvupóst á forstöðumenn stofnanna á Akureyri. Upplýsingarnar eru birtar með fyrirvara, og er raunar rétt að óska sérstaklega eftir athugasemdum t.a.m. ef einhverja stofnun vantar: [albertina@akureyri.is](mailto:albertina@akureyri.is).

## Opinber störf á Akureyri Heildarfjöldi 2007 og 2013



## Fjöldi opinberra starfa á Akureyri Fleiri en 35 stöðugildi




Ákveðinn skilgreiningarvandi hefur einnig einkennt þessa vinnu. Hvenær er starf á vegum ríkisins og hvenær ekki? Eiga t.a.m. Ríkisútvarpið og ISAVIA að vera þarna inni, enda opinber hlutafélög og því ekki lengur beint undir ríkinu í þeim skilningi málsins? Hér var ákveðið að hafa þessar stofnanir með, en auðveldlega má kippa þeim út úr gagnasafninu.

Heildarfjöldi starfa samkvæmt þessari talningu reyndist vera 1.125 störf árið 2007 og 1.073,7 árið 2013, sem jafngildir fækkun um 4,6%. Ef litið er til talna frá Hafnarfjarðarbæ um fjölda opinberra starfa á höfuðborgarsvæðinu má sjá að störfum á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað um 3,58% á sama tímabili, en vegna villna sem Byggðastofnun hefur bent á í þeirra gagnasafni er munurinn líklega enn meiri. Athugið að yfirlitinu er skipt í tvær myndir þar sem mikill munur er á fjölmennustu og fámennustu stofnuninni.


### Skráð atvinnuleysi Akureyri 2013-2014

Heimild: Vinnumálastofnun




### Skráð atvinnuleysi Akureyri 2013-2014

Heimild: Vinnumálastofnun




### Fjöldi atvinnulausra Akureyri 2013-2014

Heimild: Vinnumálastofnun




### Lengd atvinnuleysis Akureyri október 2014

Heimild: Vinnumálastofnun




### Menntunarstig atvinnulausra Akureyri október 2014

Heimild: Vinnumálastofnun




### Aldur atvinnulausra Akureyri október 2014


Heimild: Vinnumálastofnun




### Meðaltals farþegafjöldi per dag SVA 2014



### Ferlipjónusta SVA Febrúar-September 2014



## Sjúkrabíla- og slökkviliðsútköll Jan-nóv 2014



## Skilgreining á flokkun sjúkrabíla


**F1:** Alvarleg slys eða sjúkdómar þar sem lífsnauðsynlegri líkamsstarfsemi er ógnað og þörf er á sérhæfðri aðstoð læknis eða bráðataekna. Sjúkrabíll sendur á forgangi.

**F2:** Alvarleg slys þar sem lífsnauðsynlegri líkamsstarfsemi er ógnað en ekki er talin þörf á aðstoð læknis. Sjúkrabíll sendur á forgangi.


**F3:** Vægari sjúkdómatilfelli og minni slys. Í þeim tilfellum er nauðsynlegt að senda sjúkrabílfreið strax en ekki á forgangi.

**F4:** Almennir sjúkraflutningar þar sem ekki er um að ræða bráð veikindi eða slys. Langvarandi veikindi og þekkt ástand sem litlar líkur eru á að breytist. Í þeim tilfellum skal sinna beiðni eins fljótt og hægt er en ekki forgangsakstur.


## Fjöldi útlána hjá Amtsbókasafninu 2011-2014




## Fjöldi gesta Amtsbókasafnsins 2011-2014




### Fjöldi heimsóknna í Sjónlistarmiðstöð 2014



### Innlit og notendur á heimasíðum Akureyrarbæjar 2014



### Flettingar á heimasíðum Akureyrarbæjar 2014



### Umferð um heimasíður Akureyrarbæjar

